



Reykjavík 09.11.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 8. nóvember 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Úlfarsfell

Lögð fram umsókn Fjarskipta hf., mótt. 11. október 2017, ásamt lýsingu Verkfræðistofu Bjarna Viðarssonar, dags. í nóvember 2017, vegna nýs deiliskipulags á kolli Úlfarsfells sem heimilar uppsetningu fjarskiptastöðvar.

Lýsing samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Lýsingin verður aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs
Vísad til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: lýsingu Verkfræðistofu Bjarna Viðarssonar, dags. í nóvember 2017



Fjarskiptastöð Úlfarsfelli

Skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags

Fjarskipti hf

Nóvember 2017

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur.....	1
2	Aðdragandi og tilgangur deiliskipulags	1
3	Lýsing á umhverfi og staðháttum – núverandi ástand.....	4
4	Deiliskipulagssvæðið	6
5	Umferð og aðkoma.....	7
6	Fornleifaskráning, byggða og húsakönnun	7
7	Helstu viðfangsefni og meginmarkmið	8
8	Tengsl við aðrar áætlanir.....	10
8.1	Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030	10
8.2	Lög um umhverfismat.....	11
8.3	Öryggisstefna Ríkisútvarpsins	11
9	Samráðs og umsagnaraðilar	11
10	Skipulagsferlið	12

MYNDASKRÁ

Mynd 1:	Bráðabirgðafjarskiptastöð á Úlfarsfelli	2
Mynd 2:	Úlfarsfell-loftmynd	4
Mynd 3:	Hákollur Úlfarsfells úr suðaustri	5
Mynd 4:	Hákollur Úlfarsfells úr norð-norðvestri	5
Mynd 5:	Deiliskipulagssvæðið, landamerki og núverandi mannvirki.....	6
Mynd 6:	Þrívíddarmyndir af fjarskiptastöð á Úlfarsfelli	9
Mynd 7:	Úr þéttbýlisupprætti aðalskipulags Reykjavíkur	10

1 INNGANGUR

Í skipulagslögum nr. 123/2010 segir að þegar vinna við gerð deiliskipulags hefst skuli sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu, þar sem fram kemur hvaða áherslur hún hafi við deiliskipulagsgerðina. Ennfremur segir að sveitarstjórn sé heimilt að veita framkvæmdaraðila heimild til að vinna sjálfur að gerð deiliskipulags. Skuli hann þá taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu og skuli hún lögð fyrir sveitarstjórn á sama tíma og beiðni um heimild til að vinna tillögu að deiliskipulagi.

Fjarskipti hf er fjarskiptafyrirtæki sem rekur dreifikerfi sjónvarps, útvarps, internets og farsíma um allt land. Fyrirtækið hefur um langt árabil sóst eftir heimild til þess að byggja fjarskiptastöð á Úlfarsfelli til þess að þjóna höfuðborgarsvæðinu.

Með bréfi þann 20.2.2017 óskaði skipulagsfulltrúi Reykjavíkur eftir því að Fjarskipti hf léti vinna lýsingu á deiliskipulagi fyrir nánasta umhverfi fjarskiptastöðvarinnar.

Þessi greinargerð er lýsing á skipulagsverkefninu í samræmi við 1. mgr 40. gr skipulagslaga.

2 AÐDRAGANDI OG TILGANGUR DEILISKIPULAGS

Útvarpsrekstur á Íslandi hófst fyrir alvöru í árslok 1930 þegar Ríkisútvarpið hóf útsendingar sínar. Sendingarnar voru á langbylgju og var sendistöðin staðsett á Vatnsendahæð þar sem reist höfðu verið tvö 150 m há stálmöstur vegna sendinganna. Seinna hófust FM útvarpsendingar, en þær eru nú allsráðandi í útvarpsþjónustu þótt langbylgjusendingum sé enn viðhaldið. Lengst af var höfuðborgarsvæðinu að mestu leyti þjónað með sendibúnaði á Vatnsendahvarfi og Rjúpnahæð í Kópavogi, en árið 2007 var fjarskiptastöðin á Rjúpnahæð lögð niður og rifin til þess að rýma fyrir íbúðabyggð á svæðinu. Frá þeim tíma hefur aðstaða fyrir útvarpsrekstur á höfuðborgarsvæðinu verið á hrakólum auk þess sem framtíð Vatnsendahvarfs sem sendistaðar er í uppnámi.

Athygli fjarskiptarekenda hafði nokkru áður beinst að Úlfarsfelli sem heppilegum stað fyrir fjarskiptastöð, sem þjónað gæti höfuðborgarsvæðinu öllu. Árið 2007 sendu Fjarskipti erindi til Bæjarráðs Mosfellsbæjar þar sem óskað var eftir lóð fyrir fjarskiptastöð á þeim hluta fjallsins sem liggur innan bæjarmarka Mosfellsbæjar. Árið 2009 fékk fyrirtækið Fjarski ehf, sem þá var í eigu Landsvirkjunar, stöðuleyfi fyrir lítinn fjarskiptahýsil vegna fjarskiptaþjónustu sinnar í þágu Landsvirkjunar. Í desember 2010 sendu Fjarskipti erindi til Skipulagsstjóra Reykjavíkur með ósk um viðræður við Reykjavíkurborg um lóð til fjarskiptareksturs. Ítrekun á erindinu var send inn í október 2011, en þá hafði samvinna tekist með Fjarskiptum og Ríkisútvarpinu um að vinna sameiginlega að uppbyggingu á þessum stað. Í svari Skipulagsstjóra var tilkynnt að ekki væri hægt að verða við því að úthluta lóð fyrr en reynsla væri komin á hvernig staðsetningin reyndist og bent á að sækja um byggingarleyfi fyrir minni mannvirkjum til reynslu. Þetta var gert og var byggingarleyfi gefið út í maí 2012 fyrir litlu tækjaskýli og tveimur tréstaum til fjarskiptareksturs. Jafnframt var veitt framkvæmdaleyfi fyrir lögna á rafmagnsheimtaug og ljósleiðara að stöðinni. Útvarpsrekstur frá bráðabirgðastöðinni á Úlfarsfelli hófst sumarið 2012 og hefur síðan verið útvarpað þaðan fimm til sex útvarpsdagskrám. Á Mynd 1 má sjá bráðabirgðamannvirkin og sendiloftnet þeirra úr lofti og er horft til suðausturs yfir höfuðborgarsvæðið.



Mynd 1: Bráðabirgðafjarskiptastöð á Úlfarsfelli

Fljótlega varð ljóst að Úlfarsfellið stóð fyllilega undir væntingum sem útvarpssendistaður, en að bráðabirgðamannvirkin nægðu ekki til þess að sinna þjónustupörfinni á fullnægjandi hátt. Í apríl 2013 var lögð fram í fyrirspurnarformi til skipulagsfulltrúa Reykjavíkur ósk Fjarskipta hf og Ríkisútvarpsins um heimild til þess að reisa mastur við tækjahúsið. Í bréfinu var lýst nýundirrituðum samningi milli Ríkisútvarpsins og Fjarskipta um þjónustu á dreifikerfum útvarps. Í svari í ágúst 2015 var óskað eftir því að skoðaðir væru möguleikar á öðrum staðsetningarvalkostum áður en Úlfarsfellið fengi frekari meðhöndlun. Einnig var óskað eftir frekari rökstuðningi fyrir því að staðsetning í Reykjavík eigi að leysa vanda í öðrum sveitarfélögum og skoðaðar verði staðsetningar í viðeigandi sveitarfélögum til úrlausnar á vanda í þeim.

Til þess að verða við þessum óskum ákváðu Fjarskipti hf að fá óháðan aðila til þess að vinna skýrslu um staðarval fyrir fjarskiptastöð. Verkfræðistofan Mannvit vann verkið og ber skýrslan heitið „Útvarpsþjónusta á höfuðborgarsvæðinu“, dagsett í mars 2016. Í skýrslunni er farið yfir stöðu mála, skoðuð dreifing útvarpsþjónustu frá tólf stöðum á svæðinu og gerður samanburður á þeim sem dreifingarstöðum fyrir útvarp. Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar er staðsetning útvarpsmasturs á Úlfarsfelli áberandi besti kosturinn. Samantekin rök séu eftirfarandi:

- Útbreiðsla útvarpssendinga frá Úlfarsfelli nær til nánast alls höfuðborgarsvæðisins en einungis innan við 400 íbúar ná útvarpsmerki illa eða ekki.
- Þrátt fyrir mikla útbreiðslu er hæð staðarins þó innan við 300 m y.s. sem er kostur upp á að komast þangað á hvaða árstíma sem er.
- Engar skipulagslegar kvaðir gilda um þessa staðsetningu.
- Þangað liggur vegur nú þegar.
- Rafmagn og ljósleiðari eru til staðar.
- Staðurinn er nú þegar notaður fyrir útvarpssenda.

- Staðurinn hentar einnig vel fyrir stafrænar útvarpssendingar (DAB) sem munu taka við af FM útvarpssendingum í framtíðinni.

Skýrsla Mannvits var kynnt á fundi fulltrúa Fjarskipta hf með Umhverfis- og skipulagsráði í desember 2016. Í framhaldi af þessum fundi óskaði Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík eftir því að Fjarskipti létu útbúa lýsingu á deiliskipulagi sem kynnt yrði með opinberum hætti samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

Ríkir almannahagsmunir liggja í því að útvarpsþjónusta sé góð á höfuðborgarsvæðinu. Útvarpsþjónusta er almannþjónusta sem veitt er án endurgjalds og flestir íbúar nýta sér á hverjum degi. Efni í dagskrám útvarpsstöðva snerta flest svið mannlífsins. Þar eru fréttir, fræðsla, umfjöllun um málefni sem eru í deigluinni, tónlist, tilkynningar og auglýsingar. Öryggishlutverk útvarps er ennfremur mikið. Þegar vá ber að er útvarp fyrsti kostur til þess að koma boðum til almennings. Með þeim hætti er hægt að koma upplýsingum beint til fjöldans á fljótlegan og skilvirkan hátt. Viðtæki eru í hverri bifreið, heimili og skrifstofu. Jafnvel þótt rafveita bregðist er hægt að hlusta á útvarp í bifreiðum og rafhlöðuútvörpum.


Þann 12.7.2017 gaf Póst- og fjarskiptastofnun út minnisblað með heitið „Skortur á sendastöðum fyrir hljóðvarp og sjónvarp á höfuðborgarsvæðinu“. Í minnisblaðinu vekur stofnunin athygli samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á þröngri stöðu hvað varðar valkosti um nothæfa sendastaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp á höfuðborgarsvæðinu. Ennfremur að óvissa ríki um sendistaðina á Vatnendahvarfi og Úlfarsfelli, sem séu helstu sendistaðir fyrir hljóðvarp í dag. Óvissa sé um Vatnendahvarf vegna fjölgunar íbúðarhúsalóða á svæðinu og á Úlfarsfelli sé aðstaðan á bráðabirgðaheimild og ekki hafi fengist varanleg heimild sem tryggi aðstöðu á fjallinu til frambúðar. Þar er bent á kosti þess að hafa sendastaði sem standa hátt og standi utan byggðar. Loks hvetur stofnunin aðila sem málið varðar, jafnt fyrirtæki sem stjórnvöld, til þess að taka stöðuna til skoðunar heildstætt og freista þess að ná saman um skipulagningu sendistaða á höfuðborgarsvæðinu sem gætu tryggt almenningi fjölbreyttar og öruggar hljóðvarps og sjónvarpsútsendingar á svæðinu.

Mikil nauðsyn er því að tryggja útvarpsrekstri verðuga aðstöðu fyrir útsendingar útvarps fyrir höfuðborgarsvæðið. Úlfarsfellið er áberandi besti kosturinn sem völ er á fyrir fjarskiptastöð með þennan tilgang. Deiliskipulag fyrir svæðið sem horft er til fyrir fjarskiptastöðina er forsenda þess að hægt verði að byggja hana og er gerð krafa um það í aðalskipulagi Reykjavíkur að gerð sé grein fyrir slíkum mannvirkjum. Næsta deiliskipulagða svæði er í mikilli fjarlægð frá fyrirhugaðri fjarskiptastöð og er ekki hægt að fella hana undir það deiliskipulag. Ekki er ætlunin að byggja á svæðinu að öðru leyti.

Markmiðið er að vinna deiliskipulag sem heimilar uppsetningu fjarskiptastöðvar á Úlfarsfelli, sem tryggi fullnægjandi útvarpsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

3 LÝSING Á UMHVERFI OG STAÐHÁTTUM – NÚVERANDI ÁSTAND


Úlfarsfell liggur á mörkum Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar og skiptist það nokkuð jafnt á milli sveitarfélaganna. Í vestur- og norðurhlíðum fjallsins er allmikil skógrækt, og lúpína er tekin að breiðast út á nokkrum svæðum. Að öðru leyti er um upphaflegt gróðurfar að ræða, rýran holtagróður. Nokkurt flatlendi er efst á fjallinu og standa upp úr því tveir meginkollar og er sá eystri sýnu hærri. Hann er í um það bil 300 m hæð yfir sjávarmáli. Innan við 130 m hæðarlínuna liggja um 300 hektarar (3,0 km²) af óbyggðu landi. Ekki eru mannvirki á þessu svæði nema bráðabirgðafjarskiptastöð Fjarskipta hf, sem er á hákalli þess. Fjallið og umhverfi þess má sjá á Mynd 2.



Mynd 2: Úlfarsfell-loftmynd

Nokkrar gönguleiðir liggja upp á fjallið og eru þær allmikið notaðar til gönguferða og útivistar. Tveir vegslóðar liggja upp á fjallið og liggur annar upp suðurhlíðina frá Úlfarsfellsvegi og alla leið upp á hærri kollinn. Hinn liggur upp að austanverðu og tilheyrir Mosfellsbæ. Báðir slóðarnir eru varla færir nema jeppum.

Bráðabirgðafjarskiptastöð Fjarskipta hf, sem reist var árið 2012 er á hærri kolli fjallsins byggist á tækjabúnaði í 15,1 m² tækjaskýli og loftnetum í tveimur 8 m háum tréstaurum. Rafmagnsheimtaug og ljósleiðari hafa verið plægð í jörðu og er spennir á hákollnum nálægt tækjaskýlinu. Engin byggð er innan 1 km fjarlægðar frá fjarskiptastöðinni. Á Mynd 3 má sjá hákoll Úlfarsfells með bráðabirgðafjarskiptastöðinni. Fjær má sjá lægri koll fellsins. Á Mynd 4 sést kollurinn úr norð-norðvestri. Hafravatn og Langavatn eru í baksýn.




Mynd 3: Hácollur Úlfarsfells úr suðaustri



Mynd 4: Hácollur Úlfarsfells úr norð-norðvestri

4 DEILISKIPULAGSSVÆÐIÐ

Deiliskipulagssvæðið er um 1,3 hektara svæði umhverfis hærri koll Úlfarsfells. Staðsetning þess kemur fram á Mynd 2 og svæðið sjálft er sýnt á Mynd 5.



Mynd 5: Deiliskipulagssvæðið, landamerki og núverandi mannvirki

Á myndinni eru sýnd mörk deiliskipulagssvæðisins, mörk sveitarfélaga, mörk eignarlóða og núverandi mannvirki. Deiliskipulagssvæðið liggur innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkur og innan eignarlandsins Úlfarsfell lóð, landnúmer 173282 sem er í eigu Reykjavíkurborgar. Aðliggjandi landspildur innan Reykjavíkur eru Úlfarsfell I, landnúmer 123805, sem er í eigu Reykjavíkurborgar og Úr Úlfarsfellslandi, landnúmer 123800, sem er í einkaeigu.

Deiliskipulagssvæðið er 12.965 m^2 (1,3 ha) að stærð.

5 UMFERÐ OG AÐKOMA

Vegslóði liggur upp frá Úlfarsfellsvegi og að deiliskipulagssvæðinu. Hann er 2,1 km að lengd og er fær jeppum. Slóðinn liggur að nokkru leyti innan lögsagnarumdæmis Mosfellsbæjar, en meginhluti hans er í Reykjavík.

6 FORNLEIFASKRÁNING, BYGGÐA OG HÚSAKÖNNUN

Engar fornleifar eru þekktar á deiliskipulagssvæðinu og engar byggingar eru á því aðrar en bráðabirgðafjarskiptastöð Fjarskipta hf.

7 HELSTU VIÐFANGSEFNI OG MEGINMARKMIÐ

Reynslan af rekstri bráðabirgðafjarskiptastöðvarinnar á Úlfarsfelli er mjög góð. Þaðan hafa verið sendar út dagskrár fimm til sex útvarpsstöðva. Rými fyrir loftnet er hins vegar lítið og hvorki hægt að bæta við loftnetum né auka afl þeirra senda sem fyrir eru. Því hefur ekki verið hægt að koma þar fyrir sendum fyrir útvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins og Bylgjunnar eins og óskað hefur verið eftir. Neita hefur þurft nokkrum aðilum, bæði núverandi útvarpsrekendum sem eru í vandræðum með sína sendaaðstöðu og aðilum sem hugðu á rekstur útvarpsstöðva um aðstöðu fyrir loftnet og senda.


Gæði þjónustu þeirra útvarpsstöðva sem sendar eru út frá bráðabirgðafjarskiptastöðinni takmarkast að miklu leyti af útsendingarstyrk þeirra. Núverandi fyrirkomulag nægir til þess að veita þökkalega utanhússþjónustu víðast hvar. Þannig er móttaka útvarps í bifreiðum yfirleitt í lagi á höfuðborgarsvæðinu. Innanhúss verður dreifingin ótryggari, sérstaklega þegar fjær dregur sendistaðnum. Til þess að tryggja góða þjónustu á öllu svæðinu, bæði innanhúss sem utan, þarf að auka sendistyrkinn. Bæta þarf við tækjabúnaði í tækjahúsi og fjölga loftnetum. Ennfremur þarf að koma loftnetum í meiri hæð frá jörðu og til þess þarf að reisa mastur.

Til þess að styðja við öryggishlutverk útvarpsþjónustu er mikilvægt að rekstraröryggi sendistöðva sé tryggt, sérstaklega með tilliti til rafmagnsfæðingar og gagnaflutninga. Þá þarf að búnaðurinn að vera varinn fyrir skemmdar- og hryðjuverkum. Þessum öryggisþáttum má vinna að með varaafsbúnaði, bæði rafgeymabúnaði og vararafstöð, með fjölgun tengileiða gagnaflutninga og girðingu umhverfis mannvirkin.

Mannvirki og framkvæmdir á deiliskipulagssvæðinu sem nauðsynleg eru vegna fjarskiptastöðvarinnar eru tækjahús og mastur fyrir loftnet. Gert er ráð fyrir því að stærð tækjahússins verði 60-80 m² og að mastrið verði 50 m hátt stálgrindarmastur. Þessi masturshæð er nauðsynleg til þess að tryggja pláss fyrir loftnetastæður, sem tryggja dreifingu á öflugum útvarpsmerkjum margra útvarpsstöðva á þjónustusvæðinu. Jafnframt er nauðsynlegt að koma loftnetunum í hæfilega fjarlægð frá jörðu til þess að minnka sviðsstyrk á jörðu niðri. Rafmagnsheimtaug og ljósleiðaratenging sem þegar eru til staðar munu nægja fyrir stöðina, en til þess að bæta rekstraröryggið er gert ráð fyrir vararafstöð. Á Mynd 6 eru sýndar þrívíddarmyndir sem gerðar hafa verið af ásýnd fjallsins með fyrirhuguðum mannvirkjum.

Aðgengi almennings og umferð um meginhluta fjallsins á ekki að skerðast vegna fjarskiptastöðvarinnar að öðru leyti en því að nánasta umhverfi hennar verður girt af í öryggisskyni. Til mótvægis við takmörkun á umferð almennings um þetta svæði verður hugað að framkvæmdum í þágu útivistar á svæðinu. Fjallað verður í deiliskipulaginu um áhrif af byggingu fjarskiptastöðvarinnar á nánasta umhverfi sitt, útivist, gróðurfar og ásýnd mannvirkjanna.

Það er markmið fyrirhugaðs deiliskipulags að gera kleift að ráðast í þær framkvæmdir sem hér var lýst, til þess að tryggja þeirri mikilvægu almannaðjónustu sem útvarpsrekstur er verðugan samastað í Reykjavík.




Mynd 6: Þrívíddarmyndir af fjarskiptastöð á Úlfarsfelli

8 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

8.1 Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

Í aðalskipulagi Reykjavíkur dagsettu frá nóvember 2013 (uppfært 6. febrúar 2013), segir í kafla um Boðveitu og fjarskiptamöstur: „Minni mannvirki (sjá nánar í kaflanum *Landnotkun*), svo sem fjarskiptamöstur móttakarar og línulagnir í jörðu, eru heimil utan byggðar, svo sem á opnum svæðum (OP), óbyggðum svæðum (ÓB) og landbúnaðarsvæðum, en eru háð framkvæmdaleyfi. Heimilt er að veita framkvæmdaleyfi fyrir þeim á grundvelli aðalskipulagsins þótt viðkomandi mannvirki séu ekki tilgreind á uppdráttum þess. Gera skal grein fyrir stærri fjarskiptamöstrum í deiliskipulagi.“

Svæðið sem fyrirhugað er að deiliskipuleggja fyrir fjarskiptastöð er merkt OP á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagsins (sjá Mynd 5). Við gerð deiliskipulagsins verður gerð grein fyrir mannvirkjum sem stöðin útheimtir.



Mynd 7: Úr þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags Reykjavíkur

Í aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030, dagsettu 18.6.2013 stendur í kafla 6.2.4 um Rafmagn og Fjarskipti: „Huga þarf að uppbyggingu annarra fjarskiptamannvirkja í tengslum við tækniþróun á hverjum tíma, s.s. stöðvar fyrir þráðlaus gagnasamskipti, í samráði við fyrirtæki á þessu sviði og nágrannasveitarfélög. Gert skal ráð fyrir að sem mest samnýting verði á slíkum búnaði.“

Við gerð deiliskipulags fyrir fjarskiptastöð á Úlfarsfelli verður einnig leitast við að vinna að þessum markmiðum.

8.2 Lög um umhverfismat

Í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er tilgreint í gr. 3 að þau gildi um áætlanir er varða leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar séu í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í lögum nr. 106/2000 eru taldar upp þær tegundir framkvæmda sem séu matsskyldar. Framkvæmd í líkingu við fjarskiptastöð á Úlfarsfelli er hvergi að finna í þeirri upptalningu. Því verður ekki gert umhverfismat á framkvæmdinni.

8.3 Öryggisstefna Ríkisútvarpsins

Í lögum um Ríkisútvarpið segir í kafla II, gr 5, mgr 5: „Ríkisútvarpið skal í samvinnu við til þess bær stjórnvöld tryggja nauðsynlega öryggisþjónustu með upplýsingamiðlun um útvarp og þegar við á eftir öðrum boðleiðum. Ríkisútvarpið skal í því skyni setja sér öryggisstefnu um órofinn rekstur hljóðvarpsþjónustu um allt land og á næstu miðum.“

Í öryggisstefnu Ríkisútvarpsins segir: „Öryggisstefna Ríkisútvarpsins miðar að því að tryggja landsmönnum áreiðanlegar upplýsingar, þegar alvarlegir atburðir verða í og við landið. Það á við um hamfarir af hvaða tagi sem er af völdum náttúrunnar eða önnur tilvik. Miðlun upplýsinga á slíkum tímum, eru hvort tveggja í senn almennar fréttir og ekki síður til þess að fólk í vá eða á hamfarasvæðum fái sem traustastar upplýsingar um stöðu mála.“

Við gerð deiliskipulagsins fyrir fjarskiptastöð á Úlfarsfelli verður unnið að því markmiði að Ríkisútvarpið geti til framtíðar sinnt öryggishlutverki sínu á fullnægjandi hátt á höfuðborgarsvæðinu.

9 SAMRÁÐS OG UMSAGNARADILAR

Skipulagsstofnun, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Póst- og fjarskiptastofnun, Almannavarnir, Ríkisútvarpið, 365 miðlar, Mosfellsbær, Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals, Íbúasamtök Úlfarsárdals, Geisla-varnir ríkisins, Umhverfisstofnun, Borgarsögusafn, Minjastofnun Íslands.

10 SKIPULAGSFERLIÐ

Nóv 2017	Deiliskipulagslýsingin samþykkt til auglýsingar í umhverfis- og skipulagsráði og samþykkt í borgarráði og í framhaldinu gerð aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar og í þjónustuveri Reykjavíkurborgar.
Nóv 2017	Lýsingin send til umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila sem skilgreindir eru hér að framan.
Jan 2017	Drög að deiliskipulagi afgreidd og samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa og á fundi umhverfis- og skipulagsráðs.
Feb 2017	Deiliskipulagstillaga kynnt og auglýst.
Apríl 2018	Athugasemdum svarað og svörin afgreidd í umhverfis- og skipulagsráði.
Maí 2018	Tillaga send skipulagsstofnun
Júní 2018	Tillaga auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.